

VERKLAGSREGLUR FYRIR LEIKSKÓLA HVALFJARÐARSVEITAR

1. Lögheimili barna

Forsenda fyrir leikskóladvöl barns í Hvalfjarðarsveit er að lögheimili þess sé í sveitarfélaginu. Farið er eftir búsetu samkvæmt þjóðskrá.

Foreldrar/forráðamenn sem hyggjast flytja í Hvalfjarðarsveit geta sótt um leikskóladvöl en barn getur aðeins fengið úthlutað leikskóladvöl þegar lögheimili hefur verið flutt.

2. Umsóknir um leikskólavist

Foreldrar/forráðamenn barna geta sótt er um leikskóladvöl hjá sviðsstjóra/skólastjóra. Umsóknareyðublöð má nálgast í leikskólanum, á skrifstofu Hvalfjarðarsveitar og á heimasíðum leikskóla og Hvalfjarðarsveitar. Þegar barni er úthlutað leikskóladvöl skal umsækjanda send tilkynning þar um.

3. Ákvörðun um inntöku í leikskólann

Umsóknir raðast á biðlista eftir kennitölum barna, þau elstu fyrst. Inntaka barna fer að jafnaði fram í ágúst og september ár hvert. Mögulegt er þó að taka inn börn á öðrum tímum árs ef aðstæður leyfa. Miðað er við að börn hafi náð 18 mánaða aldri við inntöku í leikskólann. Þegar barn hefur leikskólagöngu er gerður dvalarsamningur sem undirritaður er af foreldri/forráðamanni og sviðsstjóra/skólastjóra leikskóla.

Hægt er að sækja um forgang að leikskólavist til Fræðslu- og skólanefndar, fyrir barn ef sérstakar aðstæður mæla með því. Ef forgangur er samþykktur fer viðkomandi barn fram fyrir aldursröð á lista. Forgangur getur að jafnaði ekki orðið fyrr en barn hefur náð 12 mánaða aldri. Við mat á forgangsbeiðni er fyrst og fremst horft til eftirtalinna aðstæðna:

- Börn með skilgreinda fötlun eða vðitækar sérparfir samkvæmt mati frá viðurkenndum greiningaraðila.
- Börn sem búa við erfiðar félagslegar aðstæður samkvæmt mati félagsþjónustu.

4. Undanþágur

Heimilt er að veita börnum sem náð hafa 12 mánaða aldri leikskólaláss ef laust er í leikskólanum. Umsækjendur þurfa að tilgreina það sérstaklega í

umsókn óski þeir eftir undanþágu. Sé undanþága samþykkt og foreldrar þiggja leikskólaplássið hafa þeir þrjá mánuði til að hefja leikskóladvöl barnsins. Gjaldtaka hefst frá þeim degi sem barn hefur leikskólagöngu sína.

5. Dvalartími

Leikskólinn er opinn alla virka daga frá kl. 7:30 - 17:00. Barn getur byrjað á morgnanna á tímabilinu frá kl. 7:30 – 9:00.

Stefnt skal að því að daglegur dvalartími barns verði ekki lengri en 9 klst.

Foreldrar/forráðamenn annars vegar og sviðsstjóri/skólastjóri hins vegar gera með sér samning um daglegan dvalartíma barns í leikskólanum við upphaf leikskóladvallar.

Sé óskað eftir breytingu á dvalartíma skal það ákveðið í samráði við sviðsstjóra/skólastjóra. Breytingar á dvalartíma geta alla jafna tekið gildi frá og með 1. næsta mánaðar sé sótt um breytinguna fyrir 20. hvers mánaðar.

Heimilt er að hafa leikskólann lokaðan í 20 virka daga samfelld yfir sumartímann og eru leikskólagjöld ekki greidd þann tíma.

6. Uppsagnarfrestur

Gagnkvæmur uppsagnarfrestur á leiksskóladvöl er einn mánuður og miðast við 1. eða 15. dag hvers mánaðar. Uppsagnarfrestur hefst um leið og skriflega uppsögn hefur borist til sviðstjóra/skólastjóra.

7. Gjaldskrá

Leikskólagjöld eru ákveðin af sveitarstjórn Hvalfjarðarsveitar.

Leikskólagjöld eru innheimt í upphafi hvers mánaðar og teljast vangöldin gjöld til þriggja mánaða vera uppsögn á leikskóladvöl.

Innheimt er aukalega ef barn er ekki sótt innan umsamins vistunartíma.

Leikskólinn er lokaður í nokkra daga á ári þ.e. á stórhátíðardögum og skipulags- og fundardögum. Þessir dagar eru tilgreindir á skóladagatali sem er lagt fram og samþykkt á hverju ári.

Ef barn er fjarverandi vegna veikinda í fjórar vikur samfelld eða í lengri tíma skal ekki greiddur fæðiskostnaður vegna barnsins. Hafi slík greiðsla verið innt af hendi skal hún endurgreidd. Foreldrar/forráðamenn skulu tilkynna sviðstjóra/skólastjóra um slík veikindi og framvísa læknisvottorði, sé þess

óskað. Foreldrar/forráðamenn skulu sækja um niðurfellingu gjaldsins til sviðstjóra/skólastjóra eins og fljótt og unnt er.

Ef barn er fjarverandi í fjórar vikur eða lengur utan sumarleyfistíma og foreldrar tilkynna það til sviðsstjóra/skólastjóra með eins mánaðar fyrirvara skal ekki greitt fyrir fæði barns þann tíma sem það er í burtu.

Ef barn er fjarverandi vegna framlengingar á sumarleyfi í a.m.k. tvær vikur og foreldrar/forráðamenn tilkynna það til sviðsstjóra/skólastjóra með eins mánaðar fyrirvara skal ekki greitt fyrir fæði barns þann tíma sem það er í burtu.

8. Vegna forfalla starfsmanna

Í 6.gr. í reglugerð nr. 655 frá 2009 um starfsumhverfi leikskóla kemur fram að skólastjóri/sviðsstjóri, að höfðu samráði við sveitarstjórn eða nefnd sveitarfélags sem fer með málefni leikskóla í sveitarfélaginu, sbr. 2. mgr. 4. gr. laga nr. 90/2008 um leikskóla og starfsfólk leikskóla, tekur ákvörðun um fjölda barna í leikskóla hverju sinni.

Ef heildarbarngildi barna í leikskólanum fer yfir það sem fjöldi starfsfólks segir til um að leikskólinn geti tekið á móti samkvæmt ákvörðun sveitarstjórnar eru foreldrar beðnir um að sækja börnin sín eftir fyrirfram ákveðnu kerfi þar sem tryggt er að jafnræðis sé gætt þannig að heildarbarngildi sem eftir eru á leikskólanum standist viðmið sveitarfélagsins. Ef stjórnendur leikskólans sjá ástæðu til að senda starfsfólk úr vinnu vegna ófyrirsjáanlegra atburða eins og til dæmis veðurs og náttúruhamfara skal hringja í alla foreldra og láta þá sækja sín börn.

- Leikskólagjöld eru endurgreidd fyrir þá tíma sem barn er heima af þessum sökum.

Samþykkt í sveitarstjórn Hvalfjarðarsveitar 9. ágúst 2016